

SAMANTEKT ATHUGASEMDA VIÐ TILLÖGU AÐ AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025 OG TILLAGA AÐ SVÖRUM

Athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum:

SVEITARFÉLÖG: Kópavogsbær.

OPINBERIR AÐILAR: Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Landsnet, Kirkjugarðaráð, Orkuveita Reykjavíkur.

FÉLAGASAMTÖK: Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar, Landssamband hjólreiðamanna, Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna, Reiðveganefnd og stjórn Sörla í Hafnarfirði, Golfklúbburinn Keilir.

ÍBÚAR OG EINKAADILAR: Eigendur Selskarðs, Ragnar Aðalsteinsson hrl f.h. eigenda Óttarsstaða, Árni Davíðsson.

SVEITARFÉLÖG

Kópavogsbær

Athugasemd: Samkvæmt greinargerð aðalskipulagsins er núverandi vatnsból Hafnarfjarðar í Kaldárbotnum og aðfærsluæð frá árinu 1950 sm fullnægir enn vatnspörf bæjarins. Til að mæta aukinni vatnspörf er stefnt að nýju vatnsbóli í Fagradal í lögsagnarumdæmi Grindavíkur. Samkvæmt greinargerð frá Verkfræðistofunni Vatnaskil er vatnsvinnsla til viðmiðunar gefin upp sem 400 l/s í Fagradal, 300 l/s í Mygludal og 700 l/s í Kaldárbotnum. Gert er ráð fyrir aukningu frá 180 l/s í 1400 l/s í heildarvinnslu Hafnarfjarðar úr ofangreindum svæðum. Í greinargerð aðalskipulagsins og fylgiritum er áætlað vatnstökumagn í Fagradal ekki gefið upp né heldur koma fram áætlanir um aukningu vatnstöku í Kaldárbotnum. Kópavogsbær gerir ekki athugasemdir við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 sem nú er í auglýsingu, en áskilur sér rétt til að gera athugasemdir síðar hafi Hafnarfjarðarbær áform um að auka vatnsvinnsluna 180 l/s sem hún er í dag.

Svar: Rétt er að fram komi að við endurnýjun mannvirkja Vatnsveitu Hafnarfjarðar í Kaldárbotnum 1989-1994 voru uppsett afköst mannvirkja, lagna og dælubúnaðar ákveðin 700 l/s (lítrar á sekúndu.) - Hvað varðar Mygludali þá gerði áætlun Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Bessastaðahrepps og Kópavogs frá því í nóvember 1995 (Forathugun. Vatnsveita Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs frá Mygludölum og Kaldárbotnum. Almenna Verkfræðistofan hf. 1995, bls. 7) ráð fyrir 283 l/s dælingu úr Mygludölum en að hámarks dæling þaðan yrði 370 l/s. Þær fyrirætlanir gerðu ráð fyrir að sjálfrennandi vatn yrði áfram nýtt úr Kaldárbotnum, til viðbótar vatni frá Mygludölum. Mygludalir eru á lögsögumörkum Garðabæjar og Hafnarfjarðar. Mygludalir njóta vatnsverndar sem brunnsvæði sbr. reglugerð nr.736/1999. - Hvað snertir ráðgerð vatnsból Hafnarfjarðar í Fagradal þá veitti Orkustofnun Vatnsveitu Hafnarfjarðar rannsóknarleyfi sem miðaði að því að afköst vatnsbóls þar yrðu 400 l/s.

Við ákvörðun á afköstum vatnsbóla þarf að hafa í huga vatnsgæfni eða afkastagetu viðkomandi svæðis en hún getur takmarkast af fjölda þátta, svo sem áhrifa frá yfirborði, áhrifa vatnsvinnslunnar á aðra umhverfisþætti svo sem á ár og vötn og síðast en ekki síst á vatnsöflun annarra. - Stærð og gerð vatnsbóla ræðst af uppsettum mestu afköstum. Þannig þurfa allir hlutar vatnsbólanna að vera í innbyrðis samræmi þannig að vatnsbólin uppfylli þær miklu kröfur sem gerðar eru til öryggis, bæði hvað snertir gæði og magn. Hvað snertir magn þá eru stórbrunnar á mannvirkjum í þéttbýli líklega þeir atburðir sem mestu álagi geta valdið á vatnsból. Mögulega er komið að því að miklir gróðureldar í nágrenni höfuðborgarsvæðis valdi enn meira álagi en ljóst er að vatnsból og íhluti þess, verður að stærða með mesta ómiðlaða álag í huga.

OPINBERIR AÐILAR:

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Athugasemd: Vísað er í markmið skipulagsins „Markvisst skal unnið að því að viðhalda gæðum náttúru og umhverfis og skapa íbúum heilnæmt, öruggt og gott búsetuumhverfi.“ Talið jákvætt og hvatt til öflugri vöktunar á loftgæðum, grunnvatns og yfirborðsvatns.

Athugasemd: Vitnað er í texta í greinargerð aðalskipulagsins sem segir að loftgæðamælingar fari fram á Hvaleyrarholti. Bent á að loftgæðastöðin á Hvaleyrarholti sé rekin af Umhverfisstofnun og Rio Tinto Alcan í Straumsvík. Mælingar í rauntíma séu birtar á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Svar: Hefur verið bætt inn í texta greinargerðarinnar.

Athugasemd: Vitnað er í texta í greinargerð aðalskipulagsins um ástæðu til að fylgjast vel með samlegðaráhrifum margra óskyldra mengunaruppspretta. Talið er að fram þurfi að koma hvernig þetta er gert, með því að hafa aðgang að fleiri loftgæðamælingum (Veðurstöð, mælistöð við Norðurellu og síðar færanlegri mælistöð).

Svar: Hefur verið bætt inn í texta greinargerðarinnar.

Athugasemd: Leiðrétt er tilvísun í reglugerð um hávaða 933/1999, sem á að vera reglugerð um hávaða nr. 74/2008.

Svar: Þetta hefur verið leiðrétt í greinargerðinni.

Athugasemd: Vitnað er í kafla um Vatn og vatnsvernd í forsenduhluta greinargerðarinnar. Bent er á að taka fram um vöktun á ástandinu til að fylgjast með ef eitthvað fer á verri veg.

Svar: Hefur verið bætt inn í texta greinargerðarinnar.

Athugasemd: Vitnað er í kafla 3.3.4 Umhverfis og auðlindastefna Hafnarfjarðar. Bent er á að hér megi nefna vöktun umhverfis.

Svar: Athugasemdinni er vísað til endurskoðunar Umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðar.

Athugasemd: Vitnað er í kafla 1.3.6 Samantekt á niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum aðalskipulags Hafnarfjarðar. Bent er á að hér megi nefna vöktun umhverfis.

Svar: Þessu hefur verið bætt inn í kaflann.

Landsnet

Athugasemd: Landsnet vísar í texta í greinargerð um Hamraneslínur: „Þær verða rifnar á skipulagstímabilinu, og samkvæmt samkomulagi Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets verður niðurrifi þeirra lokið eigi síðar en 2020“. Landsnet bendir á þau skilyrði sem fram koma í fyrirvörum samkomulags Landsnets hf og Hafnarfjarðarbæjar um uppbyggingu fluntingskerfis raforku. Ekki verður ráðist í framkvæmdir nema að uppfylltum skilyrðum sem fram koma í fyrirvörum samkomulagsins.

Svar: Vitnað er í samkomulag Hafnarfjarðar og Landsnets frá árinu 2008, þar sem fram koma ýmsir fyrirvarar af hálfu Landsnets. Við það var gerður viðauki dags. 25. október 2012. Það er skilningur Hafnarfjarðarbæjar að með undirskrift viðaukans hafi Landsnet skuldbundið sig til að hefja framkvæmdir árið 2016 eða fyrr og að framkvæmdum verði lokið eigi síðar en 2020.

Athugasemd: Hnoðraholtslína sem er nýkomin í eigu Landsnets liggur frá Geithálsi að tengivirkinu við Hamranes og þaðan inn til Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Hluti línunnar hefur verið lagður í jarðstreng, og það er krafa Hafnarfjarðar að línan verði öll lögð í jarðstreng innan lands Hafnarfjarðar. “Landsnet lýsir sig reiðubúið til samvinnu um undirbúning þessa verkfnis, en bendir á að sá sem óskar eftir slíkri framkvæmd verður að bera kostnað af henni. Einnig er bent á að línan liggur á milli Hamraness og Hnoðraholts.

Svar: Það er skilningur Hafnarfjarðarbæjar að samkomulag um Hamraneslínur, sem nær til allra lína Landsnets í Hafnarfirði, nái einnig til Hnoðraholtslínu, þó svo að Landsnet hafi eignast hana síðar. Óskað er eftir fundi með Landsneti um málið.

Kirkjugarðaráð

Athugasemd: Kirkjugarðaráð tekur undir með forsvarsmönnum Kirkjugarðs Hafnarfjarðar að sem fyrst verði farið að huga að stækkun kirkjugarðsins til norðurs, þar sem lausum grararstæðum í núverandi garði fer ört fækkandi. Bent er á að fyrir liggi miklir jarðvegsflutningar og vinna við að gera fyrirhugaða stækkun garðsins grafartæka.

Svar: Vinna við undirbúning stækkunar kirkjugarðsins er langt komin, m.a. er deiliskipulagi lokið.

Athugasemd: Kirkjugarðaráð tekur heils hugar undir það sem fram kemur í greinargerð skipulagsins að brýnt sé að huga að nýjum kirkjugarði fyrir lok skipulagstímabilsins, þar sem að öllu óbreyttu muni fyrirhuguð stækkun aðeins endast í nokkur ár í viðbót og að því fylgi mikil undibúningsvinna sem vinna þar í gæðri sátt við stjórn Kirkjugarðs Hafnarfjarðar.

Svar: Athuganir á nýju svæði munu hefjast fljótlega og óskað er eftir samráði við stjórn Kirkjugarðs Hafnarfjarðar varðandi það verkefni.

Vegagerðin

Athugasemd: Þar sem færsla Reykjanesbrautar við Straumsvík er með öllu ónauðsynleg af vegtæknilegum ástæðum ítrekar Vegagerðin fyrri munnlega fyrirvara um kostnaðarhlutdeild Hafnarfjarðarbæjar vegna færslunnar. Rætt hefur verið um að Hafnarfjarðarbær greiði helming kostnaðar við flutning vegarins, sem byggist á því að núverandi vegur nýtist fullkomlega á þeim stað sem hann er í dag.

Svar: Skipting kostnaðar er ekki viðfangsefni aðalskipulagsins. Óskað er eftir fundi um málið þegar nær dregur framkvæmd.

Orkuveita Reykjavíkur

Athugasemd: Orkuveita Reykjavíkur fagnar því að fjárfestingar í grunngerð verði ekki hraðari en eftirspurn eftir lóðum. Við skipulag nýrra svæða og breytingar á eldra skipulagi verði þess gætt að tryggja rými fyrir nauðsynleg veitukerfi, stofn og dreifikerfi, þannig að þau anní eftirspurn eftir þjónustu. Varðandi þéttingu byggðar verði tekið tillit til legu stofnæða hitaveitu og þess gætt að skerða ekki möguleika til stækkunar í framtíðinni.

Athugasemd: Bent er á að fyrirhugað er að ný aðveituæð hitaveitu frá miðlunargeymum á Reynisvatnsheiði til þeirrar fyrirhugðu byggðar sem syðst og austast liggur var áformuð meðfram nýjum Ofanbyggðavegi. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu virðast hafa mismunandi sjónarmið um hann. OR heldur því til haga að verði af þeim uppbyggingaráformum, sem lýst er í tillöggunni, kallar það á aukna aðveitu heits vatns og gæti sú aðgerð orðið dýrari en ella verði ekki af lagningu Ofanbyggðavegar.

Svar: Hafnarfjarðarbær þakkar ábendinguna og telur hana enn undirstrika mikilvægi Ofanbyggðavegar.

Athugasemd: Orkuveita Reykjavíkur bendir á meðfylgjandi öryggisreglur fyrir verktaka og aðra sem erindi eiga inn á vatnsverndarsvæði Reykjavíkur og nágrennis LAV-407. Reglur þessar eru settar af vatnsveitum höfuðborgarsvæðisins í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigisefirlit og Skógræktarfélag Reykjavíkur. Þær gilda um verktaka á vegum vatnsveitnanna en einnig um aðra sem erindi eiga inn á vatnsverndarsvæðin með vélar og/eða farm sem getur spillt grunnvatni. Orkuveita Reykjavíkur bendir á að samkvæmt fyrrgreindum leiðbeiningum er krafan sú að vatnsveitur tryggi fylgd um vatnsverndarsvæði og ekki er gerður greinarmunur á fjarsvæði eða grannsvæði. Fyrirtækið telur því eðlilegt að greinargerðinni verði breytt í þá veru að ástæða sé til að takmarka umferð með olíu og önnur hættuleg efni um Bláfjallaveg þar sem hann fer um vantsverndarsvæði og að viðkomandi vatnsveita tryggi fylgd um svæðið.

Svar: Þetta er að hluta þegar skrifað í texta aðalskipulagsins og viðbót hefur verið sett í textann í samræmi við athugasemdina.

Athugasemd: Afstaða Orkuveitu Reykjavíkur er að stefna um vatnsvernd fyrir vatnsból í skipulagi feli í sér yfirlýsingu um að beina eigi frá slíkum svæðum þeim framkvæmdum og starfsemi sem getur mengað grunnvatn og vatnsból og telur mikilvægt að í skipulagsáætlunum komi fram að gæði ómeðhöndlaðs neyslumatns verði einn af mælikvörðum um gæði umhverfis. Í umhverfisskýrslu er tilgreint að viðmið um náttúruvar, vatnafar, lírfíki, sjór og strandlengja sé m.a. að vernda gæði vatns, neystlumatns, yfirborðsvatns, vötn, ár og læki við ströndina. Orkuveita Reykjavíkur gerir ekki athugasemd við þetta.

FÉLAGASAMTÖK

Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar

Athugasemd: F.h. AÍH er gerð athugasemd við það aðalskipulag sem nú er í auglýsingu, það akstursæfingasvæði sem fram kemur á uppdrætti er of lítið ef framtíðarsvæði akstursíþróttá á að rúmast á þessum stað. Svæðið á uppdrættinum er 11 ha en félagið hefur þegar gert samning við Skógrækt ríkisins um afnot af 33.8 ha landi og er óskað eftir að landnotkunarflákinn sem merktur er í Þ 10 sé stækkaður til samræmist við það.

Svar: Svæði í Þ10 hefur verið stækkað til samræmis við athugasemd AÍH, þar sem stækkunin nær yfir hraun sem er óraskað að mestu leyti og er utan verndunarsvæða. Ekki eru aðrir hagsmunaaðilar í málinu og ekki er verið að koma fyrir nýrri starfsemi á svæðinu. Skilyrði er að sé óraskað hraun á svæðinu verði því hlíft eins og kostur er.

Landssamband hjólreiðamanna

Athugasemd: Það vantar skarpa sýn í tillöguna, sem byggir á sérkennum Hafnarfjarðar. Framtíðin samkvæmt aðalskipulaginu virðist felast í því að dreifa meira úr bænum skera hann í sundur með stofnbrautum og reyna að líma saman aftur með stígum, undirgöngum og brúm. Aðalskipulagið stefnir að auknum vistvænum samgöngum en margt bendir til þess að erfitt verði að ná því markmiði vegna þess að aðalskipulagið gerir jafnframt ráð fyrir áframhaldandi dreifingu byggðar og lengingu fjarlægða milli staða. Uppbygging stofnvegakerfis sker hverfin í sundur, tekur mikið pláss og eykur fjarlægðir og gerir vistvænar samgöngur þar með ekki fýsilegar fyrir almenning. Göng og brýr auka öryggi gangandi og hjólandi en lengir vegalengdir og eru líklegar til að draga úr göngu og hjólreiðum í

hinu stærra samhengi. Þannig skipulag dregur og úr líkum á að í hverju hverfi byggist upp sú nærþjónusta sem er nauðsynleg til að vistvænar samgöngur verði álitlegur kostur fyrir almenning. Að áliti LHM hefði verið æskilegt að horfa meira á innri vöxt og þéttingu byggðar í aðalskipulaginu.

Svar: Frá upphafi síðasta skipulagstímabils 2005 hefur verið þétt allmikið á svæðum innan Reykjanesbrautar og var þar ekki mikið meira rými til að taka við vexti Hafnarfjarðar. Þetta leiddi til þess að byggð var hafin á Völlum og í Áslandi, og eru ný byggðasvæði ætluð til að tengja þau betur saman og skapa heildstæða byggð með betra undirlagi fyrir nærþjónustu. Byggðinni er haldið innan þeirrar byggðarlínur sem mörkuð er í nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Í þessu skipulagi eru enn mörkuð þéttingarsvæði innan Reykjanesbrautar, en ljóst er að mikið meiri þétting þar getur ekki orðið nema gengið sé á græn svæði og hraun.

Athugasemd: LHM tekur undir markmið í kafla 1.3.3. Markmið - samgöngur, að með skipulagi og uppbyggingu vandaðs göngu- og hjólréiðastígakerfis skal unnið að því að draga úr bílaumferð og að tryggðar verði samfelldar og öruggar samgönguleiðir fyrir, akandi, gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarendur og að almenningsamgöngur verði eflar með forgangi vagna á meginleiðum.

Athugasemd: LHM leggur til í kafla 1.3.5. Markmið - menning og samfélagsþjónusta, að bætt verði við markmiði um að öll börn sem hafa aldur til eigi að eiga þess kost að hjóla með öruggum hætti í skólann og að í skólunum skuli vera örugg aðstaða til að geyma reiðhjól.

Svar: Skipulags- og byggingarráð tekur undir þessa ábendingu og þessu hefur verið bætt í markmiðakaflann.

Athugasemd: LHM leggur til að stígur verði meðfram núverandi Reykjanesbraut framhá Álverinu og Kapellunni. Þetta er lítil framkvæmd og getur þjónað til bráðabirgða ef bið verður á færslu Reykjanesbrautar.

Svar: Skipulags- og byggingarráð tekur undir þessa ábendingu og tekur hana til endurskoðunar í samvinnu við Rio Tinto Alcan og Vegagerðina.

Athugasemd: LHM leggur til að stígur verði meðfram Reykjanesbraut að norðanverðu á Kaplakrikasvæðinu og liggi milli Kaplakrika og Reykjanesbrautar.

Svar: Málið verður skoðað í samvinnu við FH og Vegagerðina.

Athugasemd: LHM leggur til að stígur verði samsíða stofnbraut vestan við íþróttasvæði merkt Íþ8 og skapi norður suður tengingu milli stíga meðfram stofnbrautum norðan og sunnan við.

Svar: Stígunum hefur verið bætt inn á aðalskipulagsuppráttinn.

Athugasemd: LHM leggur til að athugað verði hvort leggja eigi útivistarstíg meðfram strandlengju Hafnarfjarðar í samvinnu við nágrennasveitarfélögin. Ef ákvörðun er tekin um það vantar stíg um opið svæði OP1 norðan við bæinn til Garðabæjar og um opið svæði OP11 vestan við Straumsvík til sveitarfélagsins Voga vestan við.

Svar: Það er vilji til þess að gera alla strandlengjuna gangfæra, en svæðið er friðlýst og ógerningur að leggja stíg í gegnum þetta landsvæði þar sem það er klettótt og stórskorið. Það er hins vegar hægt að ganga um landslagið eins og það kemur fyrir.

Athugasemd: LHM leggur til að athugað verði hvort leggja eigi útivistarstíg eftir þjóðleiðinni gömlu um Grindaskörð til Selvogs í samvinnu við nágrennasveitarfélögin Grindavík og Ölfus og í samvinnu við önnur sveitarfélög sem eiga aðild að Reykjanesfólkvangi. Slíkur stígur ætti að vera ómalbikaður og bannaður vélknúinni umferð.

Svar: Verður skoðað nánar í samvinnu við nágrannasveitarfélög.

Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna

Athugasemd: Eina reiðleiðatengingin úr Hafnarfirði til suðurs er úr Stórhöfða um Óbrynnishraun og áfram sunnan við Undirhlíðar. Þannig að fyrir hestamenn sem koma úr Mosfellsbæ og Reykjavík eftir reiðleiðinni undir Hjöllunum er orðinn stór krókur sem þarf að fara til norðurs á leiðinni milli Klifsholts og Undirhlíða. Reiðleiðir sem sýndar voru á Aðalskipulagi 2005-2025 annarsvegar úr Fremstahöfða um Óbrynnishraun að Undirhlíðum og hins vegar leið frá Hvaleyrarvatni um Kapelluhraun að Vatnsleysuvík hafa verið lagðar af. Óskað er eftir að leiðin úr Fremstahöfða að Undirhlíðum verði sett inn á Aðalskipulag og að sett verði inn reiðleið sem tengir Hafnarfjörð við Vatnsleysuströnd.

Svar: Skipulags- og byggingarráð telur þessa lausn ekki fýsilega, þar sem hún fer yfir úfið hraun, er erfið í framkvæmd og fer yfir friðlýst svæði.

Athugasemd: Ósamræmi er á reiðleiðatengingum milli Hafnarfjarðar og Grindavíkur. Reiðleið úr Hafnarfirði er sunnan Undirhlíða en norðan Undirhlíða frá Grindavík. Reiðleið frá Krýsuvík til norðurs er sýnd norðanmegin við Kleifarvatn, en samkvæmt Aðalskipulagi Grindavíkur liggur reiðleiðin norðan við Sveifluháls. Óskað er eftir því að Hafnarfjörður og Grindavík samræmi tengingar á reiðleiðum sín á milli.

Svar: Varðandi reiðleið meðfram Undirhlíðum, telur Hafnarfjörður ekki hentugt að tengja hana við stíg við Krýsuvíkurveg sem mundi mæta reiðleið sem sýnd er á Aðalskipulagi Grindavíkur, en stígurinn er sýndur sem gönguleið á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Það er stefna Hafnarfjarðar að reiðleiðir og gönguleiðir séu ekki samliggjandi. - Reiðleið sem sýnd er á Aðalskipulagi Grindavíkur norðanmegin Sveifluháls tengist ekki sveitarfélagamörkum. Reiðleið sem sýnd er í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar, Krýsuvík, heldur ekki áfram í í aðalskipulagi Grindavíkur. Verður skoðað nánar í samvinnu við Grindavík.

Athugasemd: Ósamræmi er á reiðleiðatengingum milli Hafnarfjarðar og Voga á Vatnsleysuströnd. Samkvæmt Aðalskipulagi Voga eru sýndar tvær reiðleiðir frá Vatnsleysuströnd til austurs. Önnur reiðleiðin er um Rjúpnadalhraun á línuvegi en engin reiðleið er sýnd á móti í Hafnarfirði. Hin reiðleiðin er sýnd sunnan Þjóðveggar við Hvassahraun, en engin reiðleið er sýnd á móti í Hafnarfirði. Óskað er eftir því að Hafnarfjörður og Vogar samræmi tengingar á reiðleiðum sín á milli.

Svar: Bætt hefur verið inn reiðleið við línuveg Hafnarfjarðarmegin sem tengist reiðleið við línuveg Vogamegin. - Reiðleið við sunnan Þjóðveggar við Hvassahraun er samliggjandi hjólreiðastíg Vogamegin. Það er stefna Hafnarfjarðar að reiðleiðir og hjólreiðir séu ekki samliggjandi. Verður rætt nánar við Sveitarfélagið Voga.

Reiðveganefnd og stjórn Sörla í Hafnarfirði

Athugasemd: Ekki er teiknuð reiðleið frá Klifsholti í átt að Kaldárseli og þaðan áfram eftir stíg sem liggur að Undirhlíðum. Við hestamenn gerum okkur grein fyrir að við munum deila þessari leið með gögnufólki og er það vel ásættanlegt. Þess vegna má hugsa sér að göngustígur og reiðstígur séu teiknaðir samhliða hvor öðrum. Vegurinn um Undirhlíðar mun ekki nýtast ef þessi leið er ekki fær og við teljum aðra aðkomu að Undirhlíðum afar slæman kost.

Svar: Ekki er mælt með að reiðleiðir og gönguleiðir séu samnýttar eða samhliða, þar sem slík umferð á ekki samleið. Umræddur stígur hefur verið merktur sem útivistarstígur.

Athugasemd: Þar sem reiðleiðin við Kleifarvatn endar á umráðasvæði Hafnarfjarðar, þá mætir hún ekki reiðleiðinni sem þegar er teiknuð og skipulögð frá Grindavík. Þetta þarf að laga til að þessar reiðleiðir mætist.

Svar: Sjá svar við athugasemd Reiðveganeftndar.

Athugasemd: Athugasemd mun berast frá sameiginlegri reiðveganeftnd Kjalarnes hins forna. M.a. um reiðleið frá Hafnarfirði í Voga á Vatnsleysuströnd. Sörli er aðili að þessari reiðveganeftnd og tekur undir athugasemdir þeirra.

Svar: Sjá svar við athugasemd Reiðveganeftndar.

Golfklúbburinn Keilir

Athugasemd: Afmarkað svæði er erfitt og dýrt að vinna. Afar mikilvægt er að nýtt golfsvæði verði á svæðinu vestan við Hvaleyrarvatn og nái svo upp að knattspyrnusvæði og áfram vestur þar sem áður var fyrirhugað íbúðasvæði en verður ekki. Þetta svæði er mun fegurra og farsælla og hagkvæmara að byggja golfvöll á. Svo má svæðið ná út og upp í hraunbunkann til að ná því svæði sem golfvöllur þarfnast, um eða yfir 100 hektara. Svo má svæðið ná upp í hraunbunkann til að ná því landsvæði sem golfvöllur þarfnast, eða um eða yfir 100 hektara. Auk þess leggjum við til að næst Hvaleyrarvatni verði byggð þjónustumiðstöð (Golfskáli) sem gæti þjónað almennri útivist. Við óskum eftir að núverandi tillögu verði breytt í samræmi við ofangreint.

Svar: Ekki hefur verið fallið frá íbúðasvæði norðan þess svæðis sem afmarkað er fyrir golfvöll á aðalskipulagstillögunni, heldur rúmast það ekki á skipulagstímabilinu. Sú tillaga sem Golfklúbburinn Keilir setur fram þarfnast meiri umfjöllunar en hægt er að afgreiða með skjótum hætti og án þess að auglýsa skipuagið að nýju. Tillögunni er vísað til nánari skoðunar á Skipulags- og byggingarsviði í samvinnu við Keili og aðra hagsmunaaðila á svæðinu. M.a. verði skoðuð nánar samnýting með svæði merktu Íþ7 á aðalskipulagsuppdrættinum. Í deiliskipulagi Hvaleyrarvatnssvæðisins er gert ráð fyrir þjónustumiðstöð.

EINKAÆDILAR

Eigendur Selskarðs

Athugasemd: Jörðin Selskarð er talin eiga beitarrétt á stórum hluta lands Hafnarfjarðarbæjar sem áform virðast vera um að nýta án samráðs við eigendur landsréttinda. Um stærð og staðsetningu lóðarinnar er vísað í lög nr. 13 frá 1912 og sölusamning, dags. 30. ágúst 1913, þinglýst 4. október 1913 um kaup Hafnarfjarðarkaupstaðar á landi samkvæmt landamerkjum, eins og þau eru afmörkuð í 1. gr. fyrrgreindra laga. Auk þess er vísað í bókun um samkomulag hjá Héraðsdómi Reykjavíkur 14. apríl 2004 þar sem fulltrúar Vegagerðar ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar mótmæla því ekki að jörðin eigi þennan beitarrétt. - Jörðin Selskarð átti landspilduna tiltölulega fyrir með öllum gögnum og gæðum, og réttindum, til lands og sjávar, sem seld var Hafnarfjarðarkaupstað 1913. Þegar spildan var seld var beitarréttur jarðarinnar Selskarðs undanskilinn og áskilinn jörðinni svo sem verið hafði. Eigendur jarðarinnar Selskarðs hafa aldrei verið löglega sviptir þessum réttindum né hafa þeir afsalað sér þeim. Eins og samningurinn 30. ágúst 1913 ber með sér þá eignaðist Hafnarfjarðarkaupstaður ekki spilduna, með öllum gögnum og gæðum og réttindum til lands og sjávar, heldur takmarkaðan rétt. Hafnarfjarðarkaupstaður eignaðist ekki aðalrétt lóðarinnar, sem var beitarrétturinn á þessum tíma. - Vísað er til þess, að Hafnarfjarðarbær hefur gengið frá yfirtöku á lóðum vegna afnotaréttinda á þessu svæði og greitt fullt verð fyrir. Svo virðist sem um hafi verið að ræða erfðafesturéttindi sem ólöglega

var stofnað til án samráðs við eigendur beitarréttar. Þinglýst landsréttindi jarðarinnar Selskarðs á svæðinu, sem dómur hefur staðfest, eru hins vegar eignarréttindi. – Vísað er í opinbera jarðarskrá og heimildir Fasteignamats ríkisins um að beitarréttur hafi verið nýttur a.m.k. 1966-1969 án athugasemda Hafnarfjarðarbæjar. - Gerð er krafa um að Hafnarfjarðarbær hafi skipulagi sitt og framkvæmdir í því sambandi í samræmi við meintan eignarrétt jarðarinnar Selskarðs og afli sér án tafar löglegra umboða og heimilda áður en hann ráðstafar landsréttindum löglegra eigenda á þessu svæði.

Svar: Jörðin Selskarð er skrá sem eyðijörð í fasteignaskrá og svo virðist sem 45 ár séu síðan beitarréttur var nýttur. Vegna laga um ítaksrétt er beitarréttur að öllum líkindum ekki til lengur, en dómsmál þarf til að skera úr um það. Rétturinn er auk þess verðlaus í þessu tilviki, þar sem búfjárhald er bannað á svæðinu, og ekki þarf því að taka tillit til hans.

Ragnar Aðalsteinsson f.h. eigenda Óttarsstaða

Athugasemd: Vitnað er í greinargerð aðalskipulagsins, að þynningarsvæði álversins sé merkt sem varúðarsvæði. Frá álverinu stafi loftmengun, einkum séu það flúorsambönd, brennisteinsdíoxíð, koldíoxíð og súrál og sót í formi ryks sem menguninni valda. Hafnarfjarðarbær setji þau skilyrði fyrir stækkun verksmiðjunar að mengun frá því verði innan ásættanlegra marka og hafi ekki áhrif á núverandi eða fyrirhugaða íbúðabyggð. - Á þynningarsvæðinu er ekki gert fád fyrir búsetu eða landbúnaði. Á svæði takmarkaðrar ábyrgðar virðast skipulagsyfirvöld gera ráð fyrir að heimilt sé að menga land og umhverfi án bótaskyldu. Í skipulaginu felst að lagðar eru kvaðir á a.m.k. 582 hektara lands sem er hluti Óttarsstaðajarðarinnar. Eigendur Óttarsstaða hafa ekki heimilað þessar kvaðir á jörðina. Ekki er í skipulagslögum eða öðrum lögum heimild fyrir sveitarstjórn að leggja slíka kvöð á landið. Skilyrði þess að kvöðin verði lögð á landið er að sá sem það gerir afli sér eignarheimildar á landinu eða semji við eiganda land um heimild til þeirrar notkunar sem felst í kvöðunum. Telji sveitarstjórn nauðsynlegt vegna almannahagsmuna að veita einkaaðila greindar heimildir til að nota nágrannalönd til að spara fjárfestingarkostnað þeirra verða þau að kaupa viðkomandi land eða taka það eignarnámi. Þá telja eigendur Óttarsstaða að það að rjúfi eðlilega og skynsamlega þróun byggðar til vesturs sé byggðinni driefi á óhagstæðari staði. Með hliðsjón af framangreindu er þess krafist að öll ákvæði í aðalskipulagstillögum um greindr kvaðir á landi Óttarsstaða, sem varða greint þynningarsvæði og svæði takmarkaðrar ábyrgðar verð numin á brott úr tillögum.

Svar: Ekki verður á það fallist að byggðinni sé dreift á óhagkvæmari svæði miðað við byggð í landi Óttarsstaða. Byggð sú sem sýnd er í aðalskipulagstillögum miðar að því að þetta byggðina milli Valla og Áslands og er það í samræmi við stefnumið tillögu að Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins um byggðamörk og þéttingu byggðar. - Varðandi staðhæfingu um skerðingu eignarréttar vísast í dóm Hæstaréttar í máli sem eigendur Óttarsstaða höfðu gegn Íslenska ríkinu, eigendum álversins og Hafnarfjarðarbæ. Þar segir m.a. að með samningi íslenska ríkisins við Aluswiss 28. mars 1966 hafi ekki verið lagðar kvaðir á notkun lands innan svæðis takmarkaðrar ábyrgðar aðrar en þær að menn, sem síðar tækju þar upp búskap eða garðyrkju, gætu ekki krafið um skaðabætur vegna tjóns, sem þeir kynnu að bíða í slíkri starfsemi af völdum loftmengunar frá álbræðslunni. Ekki væru því efni til að líta svo á að afmörkun á svæði takmarkaðrar ábyrgðar innan merkja Óttarsstaða stæði því í vegi að hægt væri að ákveða í skipulagi að þar rísi íbúðarhúsnæði eða að afmörkunin skerti á annan hátt heimildir til nota af landinu. Hvað varðar þynningarsvæði álversins hefði land innan merkja Óttarsstaða, sem félli undir það aldrei á fyrri stigum verið afmarkað í aðalskipulagi sem byggingarland fyrir íbúðarhúsnæði eða til afnota við aðra starfsemi, sem nú yrði útilokuð vegna þynningarsvæðisins. Eigendur Óttarsstaða hefðu ekki fært viðhlítandi rök fyrir því að verðmæti þessa lands, að því leyti sem það hefði verið eða kynni í framtíðinni að vera skipulagt fyrir iðnað,

þjónustustofnanir og hafnarstarfsemi, yrði minna en ef nýta mætti það undir íbúðarbyggð, landbúnað eða matvælaframleiðslu.

Athugasemd: Eigendur Óttarsstaða telja formgalla á frestun skipulags í landi Óttarsstaða vegna hafnaraðstöðu. Ekki hafi verið leitað umsagnar skipulagsstjóra um frestunina né samþykkis ráðherra.

Svar: Leitað var umsagnar Skipulagsstofnunar og samþykkis ráðherra. Hvort tveggja barst skriflega 22.02.2014 og eru því ekki formgallar á frestuninni.

Athugasemd: Eigendur Óttarsstaða telja efnisgalla á frestuninni, en skilyrði séu að óvissa ríki um atriði sem geta haft veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsi eða á ágreiningur ríki um atriði sem geta haft veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins. Rökstuðningur með tillögunni lúti ekki að óvissu eða ágreiningi. Augljóst sé að Hafnarfjarðarbær sé einungis að koma í veg fyrir að eigendur Óttarsstaða geti nýtt landið í því skyni að tryggja bænum aðgang að landinu er honum dytti í hug að ágirnast landið að hluta.

Svar: Hér skal vísað í texta aðalskipulagsins, „Áður en endanlega verður ákveðið hvort hagvæmt er að byggja höfn á ströndinni rétt vestan Straumsvíkur á enn eftir að gera margháttáðar rannsóknir á landkostum, sjávarstraumum ofl þáttum og áætlanir um rýmisþarfir hafnarstarfsemi. Þessar rannsóknir munu taka lengri tíma en rúmast innan tímaáætlunar við vinnu að þessu aðalskipulagi. Þá er hafnargerð stórfamkvæmd sem þarf að fara í umhverfismat sem einnig tekur töluverðan tíma. Vegna óvissu um niðurstöðu hagkvæmniathugana er því skipulagi á þessum reit frestað í aðalskipulagsáætluninni.“ Auk þess ber að geta þess að svæðið er á náttúruminjaskrá sem skapar vissa óvissu, og er nýting landsins háð samþykki Umhverfisstofnunar. Þar er einnig skráð mikið magn fornleifa og er nýting landsins háð samþykki Minjastofnunar Íslands, sem einnig skapar óvissu. Loks má nefna að verið er að skoða á svæðisskipulagsgrunni hvar hentugast sé að hafa stórskipahafnir á Faxaflóasvæðinu.

Athugasemd: Á fyrra skipulagsupprætti var gert ráð fyrir íbúðarsvæði í landi Óttarsstaða ofan vegar. Svo virðist sem nú sé gerð tillaga um að falla frá skipulaginu að því leyti. Eigendur Óttarsstaða gera ágreining út af tillögu þessari um breytta landnotkun og krefjast þess að fyrri tillaga standi óbreytt.

Svar: Sé hér átt við svæði sunnan Reykjanesbrautar var þar fyrirhuguð blanda af iðnaði og opinberri þjónustu á síðari hluta skipulagstímabilsins. Ekki er þörf fyrir þau svæði á skipulagstímabilinu. Sé hér átt við svæði sunnan Ofanbyggðavegar, sem að mestu leyti eru í eigu Skógræktar ríkisins, er skýring á brottfalli þeirra að forsendur fyrra skipulags um hraða uppbyggingar hafa brugðist og ekki er þörf fyrir þessi svæði á skipulagstímabilinu. Vísast hér í fyrra svar um tengingu Valla og Áslands fremur en að dreifa byggðinni til vesturs. Skógrækt ríkisins hefur ekki lýst neinum áformum um uppbyggingu á þeim.

Árni Davíðsson

Athugasemd: Í aðalskipulagsinu eru gerðar miklar kröfur um fjölda bifreiðastæða við hús og krafa um að bifreiðastæðapörf bygginga skuli almennt leyst innan lóðar. Það muni þýða að fasteignir verða umkringdar stæðum og útheimtir mikið pláss og eykur fjarlægðir innan hverfa. Það auki einnig líkurnar á að nýting bifreiðastæðanna verði léleg. Framboð á stæðum verði mikið, til að anna eftirspurn sem er mjög sveiflukennd og tímabundin innan hverrar lóðar yfir daginn. Í heildina muni það þýða dýrari uppbyggingu bifreiðastæða og hverfin verði óvistlegri fyrir vikið. Betra sé að leysa stæðamálin fyrir hvert hverfi eða götu í heild, en binda stæðin ekki við einstakar lóðir. Með þeirri yrði hægt að samnýta bifreiðastæði fyrir íbúðir, skrifstofur, verslanir, íþróttahús og annarskonar starfsemi. Í skipulagi yrði stefnt að blöndun hverfa og yrðir þá hægt að samnýta bifreiðastæði milli

íbúða og ólíkrar starfsemi, sem notar bílastæði á ólíkum tímum. Reksturinn gæti verið á verksviði samtaka, félaga eða verktaka. Innleiða mætti stöðukort ef lagning ökutækja væri tímabundin. Sala á íbúðum/fasteignum væri aðgreind frá sölu á bifreiðastæðum. Það yrði þá val hvers og eins hvort hann vilji kaupa eða leigja bifreiðastæði eða vera bíllaus. Íbúðir gætu þá verið ódýrari fyrir þá síða nefndu.

Svar: Hugmyndin er áhugaverð og hefur verið notuð erlendis, t.a.m. á Norðurlöndunum. Áhugavert væri að gera tilraun með slíkt hverfi, sem útheimtir tiltölulega flatt land og möguleika á blöndun starfsemi.